



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
Lindargötu Arnarhvoli
101 Reykjavík

Reykjavík 9. ágúst 2023

2307012SA VRB/BS
Málalykill: 00.64

Efni: Umsögn um reglugerð um netöryggisráð

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, mál nr. 122/2023 dagsett 29.6.2023 þar sem óskað er eftir umsögn um reglugerð um netöryggisráð. Tilgangur reglugerðarinnar er að skýra skipan, hlutverk og ábyrgð netöryggisráð, en ráðið er faglegt ráðgjafaráð ráðherra sem fer með málefni netöryggis.

Samband íslenskra sveitarfélaga styður tilveru slíks ráðs og áréttar mikilvægi þess að huga að netöryggi í víðu samhengi. Samkvæmt 2. gr. skipar ráðherra fulltrúa úr helstu ráðuneytum er málaflokkinn varða. Sambandið telur að gagnlegt að fulltrúi úr innviðaráðuneyti sæti í netöryggisráði. Innviðaráðuneyti fer með mikilvæga innviði og er einnig ráðuneyti sveitarstjórnarmála. Sveitarfélög reka mikilvæga innviði, veita þjónustu og geyma mikið magn viðkvæmra upplýsinga um íbúa og lögaðila og eru því mikilvægur hlekkur í netöryggi landsins. Sambandið telur æskilegt að betri og skýrari tenging sé á milli stjórnsýslustiga í þessum málaflokki. Ráðinu er ætlað að leggja sjálfstætt mat á stöðu netöryggis og er ætlað að kalla eftir gögnum í málaflokknum. Með því að skipa fulltrúa úr ráðuneyti sveitarstjórnarstigsins telur sambandið að ráðið væri betur fallið til að sinna hlutverki sínu.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Benedíksdóttir

Valgerður Rún Benedíksdóttir
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs